

## Erlend tungumál: Vandamál lesblindra við tungumálanám og hugmyndir að úrræðum:

<b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar</b>  Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu.	<b>Áhrif á tungumálanám</b>  Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :	<b>Aðgerðaráætlanir</b>  Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið.	<b>Viðbót</b>  Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur
<b>Hljóðferlun (phonological processing)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Eiga erfitt með að tengja saman hljóð og rittákn</li> <li>• Greina ekki hljóðin sem mynda orðin</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Framburð, jafnvel algengra einfaldra orða</li> <li>• Að þekkja aftur algeng orð og setningar</li> <li>• Að greina sundur orð með líkan framburð, ruglar saman orðum</li> <li>• Lestur, sérstaklega ef hann þarf að lesa upphátt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynna strax hljóðin (fónem) sem mynda nýja tungumálið.</li> <li>• Kynna nýtt efni með því að höfða til allra skynfæra – hlusta, horfa, segja, skrifa o.frv.</li> <li>• Ekki láta nemandann lesa upphátt nema hann bjóðist til þess</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nota æfingarspjöld til styrkingar</li> <li>• Útvega nemendum hljóðupptökur af rituðum texta, hér má nýta talgervla og Blindrabókasafnið</li> <li>• Nýta tölvuforrit og t.d. bbc language courses</li> <li>• Fá nemanda, sem á auðvelt með lestur, til að vinna með lesblinda nemandanum</li> </ul>

<p><b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar</b></p> <p>Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu.</p>	<p><b>Áhrif á tungumálanám</b></p> <p>Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :</p>	<p><b>Aðgerðaráætlanir</b></p> <p>Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið.</p>	<p><b>Viðbót</b></p> <p>Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur</p>
<p><b>Minni</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnsluminni er takmarkað; ef álag verður of mikið þá verður ekkert nám</li> <li>• Það geta verið ónákvæm þekkingaratriði í langtímaminni þ.e. rangar upplýsingar um tungumálið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að muna og fara eftir leiðbeiningum (líka í móðurmáli)</li> <li>• Að muna orð sem hann hefur nýlega lært</li> <li>• Að endurtaka löng orð (með mörgum atkvæðum)</li> <li>• Að koma frá sér svári þó hann viti svárið</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynna nýtt efni smám saman, „búta niður“ í smærri einingar</li> <li>• Setja nemandanum afmörkuð en raunsæ markmið</li> <li>• Notað viðbótarkennsluefni eins og tónlist, leiklist, myndir</li> <li>• Reikna með tíma til upprifjunar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Útvega nemanda viðbótarefni til að rifja upp heima eða sjá til þess að hann fái aukalegan stuðning í náminu</li> </ul>

<p><b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar</b></p> <p>Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu.</p>	<p><b>Áhrif á tungumálanám</b></p> <p>Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :</p>	<p><b>Aðgerðaráætlanir</b></p> <p>Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið.</p>	<p><b>Viðbót</b></p> <p>Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur</p>
<p><b>Hljóðgreining og hljóðskynjun</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Er óviss um hvaða hljóð það er sem hann/hún heyrir</li> <li>• Erfiðleikar með að greina að lík hljóð eins og g og k, p og b</li> <li>• Erfiðleikar með að heyra hvenær eitt orð endar og annar orð byrjar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að greina hvort orð sé borið rétt fram t.d. að bera rétt fram orð eftir leiðsögn kennara</li> <li>• Að greina muninn á milli tveggja orð sem hljóma líkt</li> <li>• Að vinna hlustunarverkefni</li> <li>• Að svara munnlega spurningum (á tungumálinu)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að nemandinn hafi texta til hliðsjónar við hlustun</li> <li>• Þegar verið er að tala við lesblinda nemendur þá að ýkja framburð að byrja með en síðan láta þá hlusta á hvernig orðin eru borin fram á eðlilegan hátt</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Ef nemandi fær að velja sjálfur tungumál þá að leiðbeina honum að velja tungumál sem hljómar líkt og móðurmál hans þ.e. er byggt upp af svipuðum hljóðum (fónem)og því framburður líkur</li> </ul> <p>t.d er auðveldara fyrir enskumælandi nemanda að læra spænsku eða ítölsku en frönsku</p>

<p><b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar</b></p> <p>Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu.</p>	<p><b>Áhrif á tungumálanám</b></p> <p>Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :</p>	<p><b>Aðgerðaráætlanir</b></p> <p>Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið.</p>	<p><b>Viðbót</b></p> <p>Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur</p>
<p><b>Raðvinnsla</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Eiga í erfiðleikum með röðun eða vinna með efni í ákveðinni uppröðun t.d. stafrófið, röð orð í setningu, röð stafa í orði o.s.frv.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að leita að orði í orðabók - orðasafni</li> <li>Að muna heiti og rétta röð vikudaga, mánaða í árinu, talnahugtaka o.þ.h. upptalningu á tungumálinu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nota til þjálfunar ýmiss konar aðferðir eins og rím, hrynjanda, leiki, vísur, söng o.frv.</li> <li>Setja á vegg skólastofunnar spjöld með hugarkortum og/eða ýmis konar yfirliti í litum og/eða í myndrænu formi, sem hægt er að vísa til við kennslu (for reference)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýta tæknileg hjálpargögn eins og leiðréttingarforrit</li> <li>Hvetja nemendur að nota ýmiss konar minnistækni við námið</li> </ul>

<p><b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar:</b></p> <p>Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu</p>	<p><b>Áhrif á tungumálanám</b></p> <p>Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :</p>	<p><b>Aðgerðaráætlanir</b></p> <p>Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið</p>	<p><b>Viðbót</b></p> <p>Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur</p>
<p><b>Skrift</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Það getur verið að nemandinn skrifi hægt og óskýrt þanni að erfitt er að lesa það sem hann skrifar (kallast dysgraphia = erfiðleikar með skrift)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að skrifa eftir töfluskript (það sem kennari skrifar á töflu)</li> <li>• Að setja á blað það sem er verið að fjalla um munnlega</li> <li>• Að stafsetja samkvæmt reglum framandi tungumáls, það getur verið að hann riti nýja tungumálið eftir framburði og reglum móðurmáls síns</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Takmarka það sem þarf að skrifa en ekki sleppa nemanda alveg við að skrifa</li> <li>• Láta nemanda hafa ljósrit af glósum eða aðgang að þeim í tölvutæku formi</li> <li>• Ekki gefa einkunn fyrir eða leiðrétt allar stafsetningarvillur ef nemandinn á í mikum erfiðleikum með réttitun. (Það er niðurbjótandi að fá tilbaka verkefni útatað í rauðum leiðréttingum, leiðrétt frekar einstaka tegundir stafsetningvillna)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Leyfa nemendum að skila verkefnum í öðru formi en sem texta t.d. sem hljóðskrá, eða hljóðupptöku</li> <li>• Útvega nemendum hljóðupptökur af glósum til að æfa sig heima. Hægt er t.d. að lesa inn orð í wordskjal og powerpoint (sjá accessories – entertainments – sound recorder)</li> </ul>

<p><b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar:</b></p> <p>Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu</p>	<p><b>Áhrif á tungumálanám</b></p> <p>Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :</p>	<p><b>Aðgerðaráætlanir</b></p> <p>Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið</p>	<p><b>Viðbót</b></p> <p>Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur</p>
<p><b>Námshraði – (hversu hratt nemandi getur tekið á móti og unnið með nýjar upplýsingar)</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Tilhneiging að vera seinni en almennt gerist að svara spurningum og/eða bregðast við nýju námsefni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að bregðast fljótt við nýjum upplýsingum eða leiðbeiningum sem eru gefnar munnlega hvort sem er á framandi tungumáli eða móðurmáli nemandans</li> <li>Að bregðast við stöðugu flæði upplýsinga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hægja á kennslunni þegar verið er að kynna nýtt efni og gefa nemendum meiri tíma til að taka á móti og ferla/vinna með upplýsingar</li> <li>Gefa nemendum rýmri tíma að svara spurningum og ljúka við verkefni, einnig veita lengri skilafrest á heimaverkefnum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sjá til þess að nemendur fái lengri tíma í prófum</li> <li>Við námsmat á hlutaprófum eða verkefnum taka tillit til þess ef nemandi lendir í tímahraki</li> <li>Gefa nemendum upplýsingar um að tillit verði tekið til þess að þeir vinna hægar því það getur dregið úr próf- og verkefnakvíða</li> </ul>

<p><b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar:</b></p> <p>Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu</p>	<p><b>Áhrif á tungumálanám</b></p> <p>Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :</p>	<p><b>Aðgerðaráætlanir</b></p> <p>Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið</p>	<p><b>Viðbót</b></p> <p>Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur</p>
<p><b>Erfiðleikar með stefnunarskyn</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tilhneiging að rugla saman hægri og vinstri, upp og niður, suður og norður o.fr.v</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að fara eftir leiðbeiningum um áttir og að leiðbeina um áttir</li> <li>• Að svara með nákvæmni spurningum og verkefnum sem reyna á forsetningar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Setja myndir, örvar og þess háttar inn í texta, sem nemendur fá í hendur</li> <li>• Nota myndrænar vísbendingar þegar verið er að tala til nemenda</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fá nemanda, sem á ekki í erfiðleikum með stefnunarskyn, að vinna með nemanda, sem á í erfiðleikum</li> </ul>

<b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar:</b>  Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu	<b>Áhrif á tungumálanám</b>  Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :	<b>Aðgerðaráætlanir</b>  Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið	<b>Viðbót</b>  Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur
<b>Málfræði og setningarfræði (syntax)</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Eiga erfitt með að skilja málfræði og setningafræði eigin móðurmáls</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að búa til setningar sem eru málfræðilega og setningfræðilega réttar</li> <li>• Að læra málfræðireglur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kenna reglur og rifja upp/styrkja námið daglega</li> <li>• Nota hugarkort, minnisspjöld og allar aðrar aðferðir tungumálakennslu til að sýna fram á línulegt samhengi (linear sequences) og mynstur (patterns) tungumálsins. (Styrkleiki lesblindra liggur oft í heildrænum skilningi á tungumálinu. )</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skrifa reglur á minnisspjöld (upprifjunarspjöld), sem nemendur geta notað við verkefnavinnu í skólanum og heima</li> </ul>



<b>Undirliggjandi þættir til viðmiðunar:</b>  Einkenni lesblindra sem hafa áhrif námsframvindu	<b>Áhrif á tungumálanám</b>  Nemandinn á líklega í erfiðleikum með :	<b>Aðgerðaráætlanir</b>  Eftirfarandi aðgerðir í hefðbundnu tungumálanámi geta auðveldað námið	<b>Viðbót</b>  Dæmi um viðbótarstuðning sem gæti reynst nauðsynlegur
<b>Greina á milli og þekkja aftur sjónræn áreiti</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Lítill hæfni í að aðgreina orð og/eða að greina að það sé munur á orðum</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Að greina mun á milli orða, sem eru rituð á svipaðan hátt (í sama tungumálinu eða í fleiri en einu tungumáli)</li> <li>Að greina á milli mismunandi framburðar og að tengja réttan framburð við ritað orð mismunandi tungumála</li> <li>Að halda ólíkum tungumálum aðskildum, ruglar saman t.d. pain (er brauð á frönsku en sársauki á ensku)</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nota myndir til að kenna ný hugtök á tungumálinu</li> <li>Nota minniskort til æfa daglega hvernig algeng orð eru borin fram</li> <li>Yfirstrika leiðbeiningar um framburð með litapenna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nota tölvuforrit eða ýmiss konar leiki eða tækni til stuðnings við að læra framburð algengra orða sem að nemendur rugla auðveldlega saman</li> </ul>

Leiðbeiningarnar eru unnar af Elínu Vilhelmsdóttur með hliðsjón af greininni „Dyslexia and the Teaching of Modern Foreign Languages“ eftir Margaret Crombie og Hilary McColl. Greinin er 7. kafli bókarinnar *Dyslexia – Successful Inclusion in the Secondary School* en ritstjórar hennar eru Lindsay Peer og Gavin Reid.

